

1873.

25. oktr.

hægu skilyrðum, að svo má kalla, er útheimtast til mentunar og lærdóms íslenzkra presta. Eins og getið er í fyrnefndu bræfi má þetta að áliti stjórnarráðsins ekki eiga sér stað, nema standi mjög sérstaklega á; en það er hvorttveggja, að málavextir hér eru ekki svo, og að það sérilagi ekki getur verið bót í máli, að mörg af hinum lakari brauðum nú standa óveitt, sökum þess að engir eru til að sækja um þau, og að eigi verður tekið tillit til þeirra atriða, sem snerta þann sjálfan, sem í hlut á, svo sem að hann sé efnalítill og þvúmlíkt, enda verður að gá að því, að ef veitt væri undanþága frá hinum almennu skilyrðum fyrir því, að fá brauð á Íslandi, þá mundi það svo mjög rýra þýðingu prestaskólans.

Samkvæmt þessu verður stjórnarráðið framvegis að álíta það ísjárvert, að útvega sækjandanum leyfi það, sem nú var æskt.

25. oktr.

86. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skipti á kirkjueign og bændaeign.

Eftir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, 24. ágúst þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegulegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknast 16. þ. m. allramildilegast að fallast á, að ítak nokkurt á hinum svonefndu Hólsfjöllum, sem nefnist Norðurmélur, og sem er eign Skinna- staða prestakalls í Þingeyjarsýslu í norður og austurumdæmi Íslands, megi fara í jarðaskipti fyrir 3 hundruð í jörðinni Leifstöðum í Axarfirði, sem Kristján hreppstjóri Jóhannsson á Hóls-seli er eigandi að, og þau hús, sem fylgja tæðum jarðarparti, en samt skal tekið svo til orða í bræfi því, sem út mun verða gefið af hálfu prestakallsins um landaskipti þessi, að tæð presta-

kall, sem eigi hefir heimildar-skjöl til fyrnefnds ítaks, eigi taki 1873.
að sèr ábyrgð nokkra, ef að því kemur að heimildin verði rengd. 25. oktbr.

Þetta gefum vèr yður, herra landshöfðingi til vitundar, yður
til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það,

**87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 30. oktbr.
yfir Íslandi, um uppgjöf á brennivínsgjaldi.**

Útaf bænaraskrá nokkurri, þar sem skipstjóri *P. C. Herold* sækir um, að sèr verði goldnir aptur 12 rd. 40 sk., er hann sem skipstjóri á jagtinni *Haabet* frá *Rønne* hafi borgað í júní f. á. á Vopnafirði í norður- og austurumdæmi Íslands, sem gjald af 120 pottum af brennivíni, 20 pottum af rauðvíni og 6 heilum og 6 hálfum flöskum af víni, — en drykkjarföng þessi voru ætluð handa skipverjum sjálfum, en þess eigi getið á tollskránni —, hefir dómsmálastjórnin í dag veitt það, sem sókt var um, og gjört ráðstöfun til, að tæð upphæð verði borguð hlutadeiganda af aðalféhirzlunni hær í borginni og talin með útgjöldum jarðabókarsjóðsins.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, hærmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það sýslumanni Böving og skýrið honum frá, að honum beri eigi innheimtulaun þau af fyrnefndum 12 rd. 40 sk., sem ákveðin eru í 10. gr. í tilsk. 26. febr. f. á.; því skal og við bætt og stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að telja þetta fè með tekjum aðalféhirzlunnar í reikningum jarðabókarsjóðsins.